

hafi borið að höndum að aflokinni þeirri ferð, sem Jón heitinn hafi verið tryggður í.

Því er ómótmælt haldið fram, að Jón heitinn hafi ekki verið búinn að ljúka ferðærindi sínu, er slysið varð, enda var og vátryggingartímabilið ekki á enda. Umrædd ferðatrygging, sem ekki var sérstaklega bundin við sjóferð, verður því að teljast hafa verið í gildi, er slysið átti sér stað, og verður þessi varnarástæða því ekki tekin til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður dæmd til að greiða stefnanda hina umstefndu upphæð með vöxtum eins og krafizt hefur verið. Einnig verður stefnda gert að greiða málskostnað, sem ákveðst kr. 1025.00, og skiptist þannig, að kr. 25.00 renni í rikissjóð og kr. 1000.00 til talsmanns stefnanda, hrm. Sveinbjörns Jónssonar.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Tryggingarstofnun ríkisins, greiði stefnandanum, skiptaráðandanum í Árnessýslu f. h. dánarbús Jóns Jónssonar frá Laug, kr. 25000.00 með 5% ársvöxtum frá 18. nóv. 1941 til greiðsludags. Í málskostnað greiði stefnda kr. 1025.00, og hljóti rikissjóður þar af kr. 25.00, en talsmaður stefnanda, hrm. Sveinbjörn Jónsson, kr. 1000.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júní 1942.

Nr. 91/1941. **P. Smith & Co.** (Theodór B. Lindal)

gegn

Kára Kárasyni og Tryggingarstofnun ríkisins

(cand. jur. Gústaf Ólafsson)

og

Kári Kárasen

gegn

P. Smith & Co.

Slysabætur.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm og úrskurð hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Aðaláfrýjandi hefur með stefnu 29. okt. f. á. skotið til hæstaréttar úrskurði uppkveðnum 15. okt. 1940 um sakaradild sína og dómi í máli þessu. Krefst hann þess, að báðar þessar dómsathafnir verði felldar úr gildi og að hann verði sýknaður af kröfum beggja gagnaðilja sinna hér fyrir dómi og að þeim verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Aðalstefndi, Kári Kárason, hefur gagnáfrýjað héraðsdómi í máli þessu og krafizt þess, að framangreindur úrskurður verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 9500.00 með 5% ársvöxtum frá 27. maí 1940 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Af hálfu Tryggingarstofnunar ríkisins er krafizt staðfestingar á úrskurði og héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það athugast, að úrskurði þeim, er að ofan greinir og varðar efni sakar, mátti áfrýja með dómi í málinu, þar sem úrskurðinum var ekki áfrýjað sérstaklega samkvæmt 5. málsg. 71. gr. laga nr. 85/1936.

Alkunnugt má telja það, að aðaláfrýjandi hafði, er slys það varð, er í máli þessu greinir, og hafði þá árum saman haft á hendi fermingu og affermingu fyrir sinn reikning á skipinu Lyra, sem er eign erlends félags, ráðið menn í sínu nafni til þeirra verka og greitt þeim verkalaun. Gagnstefnanda var því rétt að gera ráð fyrir því, að hann gæti haldið sér að aðaláfrýjanda með venjulegum hætti um allt það, er verk hans varðaði og annað, er í sambandi við það stóð. Verður því að telja sök þessa rétt höfðaða á hendur aðaláfrýjanda.

Dómkvaddir kunnáttumenn hafa talið notkun segls þess, er í héraðsdómi getur, vítalausa. Hins vegar hafa þeir talið það ávirðingu, að eigi var hafður sérstakur maður til þess að stjórna stjórnborðsbómutaliu, en þess vegna hafði sá maður, er gæta skyldi seglsins með pappaströngunum, meðan það var undið upp úr lestinni, hlaupið frá lestaropi til þess að gæta áður nefndrar taliu. En ætla má, að slysi hefði mátt afstýra, ef sá maður hefði mátt gæta starfsins á sínum stað við lestaropið. Verkstjóra aðaláfrýjanda má hins

vegar kenna um téðan galla um mannaskipun á þilfari, en aðaláfrýjanda ber að bæta gagnáfrýjanda tjón, sem telja má stafa af yfirsjón verkstjórans. Verður því að telja aðaláfrýjanda skyldan til að bæta gagnáfrýjanda tjón af slysinu, að því leyti sem hann hefur ekki þegar fengið það bætt.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði kr. 700.00, er í 2. tölul. kröfu hans greinir. Bætur, er aðaláfrýjandi greiði samkvæmt 3. tölul. þykja hæfilega ákveðnar kr. 6800.00. Ber því að dæma aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 7500.00 með vöxtum svo sem krafizt er.

Aðaláfrýjanda verður ekki talið það hugrænt til sakar, eins og á stendur, þótt verkstjóri hans hafi eigi haft þann mannafla á þilfari, sem átt hefði að vera. Fyrir því verður aðaláfrýjandi, sem greitt hefur slysatryggingargjald fyrir gagnáfrýjanda, eigi dæmdur til þess að endurgreiða Tryggingarstofnun ríkisins þann hluta bóta, er hún hefur greitt gagnáfrýjanda, og ber því að sýkna aðaláfrýjanda af endurgreiðslukröfu Tryggingarstofnunarinnar.

Eftir þessum málalokum verður að dæma aðaláfrýjanda til þess að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, sem ákveðinn er kr. 1000.00. Hins vegar þykir verða að dæma Tryggingarstofnun ríkisins til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er hæfilega þykir ákveðinn kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, P. Smith & Co., greiði gagnáfrýjanda, Kára Kárasyni, kr. 7500.00 með 5% ársvöxtum frá 27. maí 1940 til greiðsludags og samtals kr. 1000.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Aðaláfrýjandi á að vera sýkn af kröfum stefnda, Tryggingarstofnunar ríkisins, er greiði aðaláfrýjanda samtals kr. 600.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 15. okt. 1940.

Mál þetta hefur Kári Kárasón, verkamaður, Grettisgötu 77 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 27. maí s. l. gegn P. Smith f. h. P. Smith & Co., hér í bænum, til greiðslu skaðabóta vegna slyss, er stefnandi varð fyrir um borð í e/s Lyra þann 17. maí 1939. Var stefnandi þá ásamt fleiri verkamönnum að vinna við uppskipun á pappírs-„rúllum“ í lest skipsins. „Rúllum“ þessum var skipað þannig upp, að þær voru látnar í stórt ferhyrnt segl, er síðan var dregið upp úr lestinni, en í eitt skipti vildi það til, að sögn stefnanda, að seglið rakst í „lúgu“-karminn og féll þá ein „rúllan“ í höfuð stefnanda, og hlaut hann af því allmikil meiðsl. Telur stefnandi, að hið stefnda firma hafi verið vinnuveitandi sinn við þetta tækifæri og beri því að bæta sér umrætt tjón, er hafi orðið vegna þess að verkamenn stefnda við uppskipunina hafi ekki gætt tilhlýðilegrar varkárni, auk þess sem ófullnægjandi mannaflí hafi verið hafður við verkið.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar á þeim grundvelli, að það sé eigi réttur aðili í málinu, og hefur farið fram málflutningur um það atriði sérstaklega samkvæmt ósk aðilja og með samþykki dómarans. Stefnandi hefur hins vegar krafizt þess, að því verði slegið föstu, að stefndi sé réttur aðili þessa máls. Byggir hann það á því, að hann hafi verið ráðinn til vinnunnar af stefnda, að stefndi hafi greitt honum kaupið, að vinnan hafi farið fram undir stjórn verkstjóra stefnda, að, vinnutækin hafi verið eign stefnda, og loks að hann (stefnandi) hafi verið tryggður á nafn stefnda.

Aftur á móti telur stefndi, að málinu eigi að beina gegn eiganda e/s Lyru, Det Bergenske Dampskipsselskab, Bergen, þar sem umrætt starf hafi verið unnið í þágu skipsins. Kveðst stefnda einungis starfa við afgreiðslu e/s Lyra sem skipamiðlari, svo sem að innheimta far- og farmgjöld fyrir útgerð og skipseigendur, inna af hendi gjöld fyrir þá og útvega verkamenn til að vinna þau störf, sem útgerðin þurfti að annast, en skipverjar geri nú ekki, eins og t. d. afhendingu vöru af skipsfjöl. Det Bergenske Dampskipsselskab hafi í þetta skipti, eins og endranær, endurgreitt stefnda vinnulaun manna þeirra, er unnu við affermingu um borð í skipinu og þar á meðal vinnulaun stefnanda þessa máls.

Þótt þannig verði að telja það upplýst, að það hafi verið Det Bergenske Dampskipsselskab, en ekki stefnda, sem raunverulega hafi borið kostnaðinn af vinnu stefnanda um borð í e/s Lyra, þá þykir það þó ekki skipta máli í þessu sambandi. Af ákvæðum 13. gr. siglingalaganna sést, að sækja má útgerðarmann skips til ábyrgðar fyrir tjón, sem orðið hefur með þeim hætti, er að framan er lýst, en jafnframt á útgerðarmaður endurgreiðslu-

kröfu á hendur þeim, sem skaða vann. Að áliti réttarins heimila þessi ákvæði þeim, er fyrir slíku tjóni verður, að beina kröfum sínum hvort heldur hann vill gegn útgerðarmanni eða öðrum þeim, er að tjóni voru valdir. Nú byggir stefnandi skaðabótakröfu sína í málinu á því, að menn þeir, sem óvæfengt er, að stefnda ræð til vinnunnar og eftir framburði verkstjóra stefnda lutu stjórn hans einnig um borð í skipinu, hafi orðið valdir að slysinu fyrir óvarkárni, og þykir stefnandi því, fyrst hann kýs það heldur, geta beint málssókninni á hendur stefnda. Sýknukrafa stefnda verður því ekki tekin til greina á þessum grundvelli.

Úrskurðurinn um málsatriði þetta verður þá í samræmi við dómkröfur stefnanda, en málskostnaður verður ekki tildæmdur í þessum hluta málsins, þar sem hans hefur ekki verið krafizt.

Þvi úrskurðast:

Stefndur, P. Smith f. h. P. Smith & Co., telst vera réttur aðili máls þessa.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. sept. 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 27. maí 1940 af Kára Kárasyni, verkamanni, Grettisgötu 77 hér í bæ, gegn P. Smith f. h. P. Smith & Co., hér í bænum, til greiðslu bóta, sem í samræmi við kröfur í meðalgöngusök nema nú kr. 9495.00 ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt taxta M. F. Í.

Stefndur vefengdi í upphafi, að hann væri réttur aðili máls þessa, og var felldur úrskurður um þann ágreining hinn 15. okt. f. á. á þá lund, að stefndur var talinn réttur málsaðili. Nú hefur málflutningurinn hins vegar fjallað um skaðabótaskyldu stefnds svo og um bótaupphæðina, ef til kæmi, og krefst stefndur þar *aðallega* sýknu og málskostnaðar, en til vara, að bæturnar verði stórlega lækkaðar.

Með stefnu útgefinni 13. nóv. f. á. hefur Tryggingarstofnun ríkisins gengið inn í mál þetta í tilefni af því, að Tryggingarstofnunin hefur greitt aðalstefnanda bætur vegna slyss þess, er hér um ræðir og siðar verður vikið að. Telur meðalgöngustefnandi sig eiga rétt á að fá bótaupphæð þessa endurgreidda hjá stefndum, ef svo fari, að hann verði talinn skaðabótaskyldur út af nefndu slysi. Krefst því meðalgöngustefnandi þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér kr. 3073.00 með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi meðalgöngustefnu til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Stefndur krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar í meðalgöngusök, til vara lækkunar á kröfu meðalgöngustefnanda.

Aðalsök.

Málsatvik eru þau, að þann 17. maí 1939 var aðalstefnandi að starfi við uppskipun á pappírsrúllum um borð í e/s Lyra, þar sem skipið lá við hafnarbakka hér í Reykjavík. Var rúllunum lyft upp úr lestinni í segli, en í eitt skipti vildi svo til, að pappírsrúlla féll úr seglinu og kom á höfuð og herðar aðalstefnanda, sem var að vinna niðri í lestinni. Féll hann þegar í ómeigin við höggið og var fluttur í Landsspítalann. Komst hann fyrst aftur til meðvitundar á þriðja sólarhring og var ekki með fullri rænu fyrr en eftir 6—7 daga. Kom í ljós, að aðalstefnandi hafði hryggbrotnað milli herðablaðanna auk þess sem hann fékk heilahristing. Dvaldist aðalstefnandi á sjúkrahúsinu til 7. okt. 1939, og fyrst þann 17. eða 18. jan. 1940 var honum leyft að fara til vinnu á ný, en er þó hvergi jafnfær til starfa sem áður, enda hefur hann verk í baki auk annarrar vanlíðunar. Jóhann Sæmundsson, tryggingaryfirlæknir, hefur metið, að aðalstefnandi hafi við slys þetta orðið fyrir 20% varanlegu örorkutjóni, og hefur meðalgöngustefnandi, Tryggingarstofnun ríkisins, af þeim sökum greitt honum bætur eins og áður segir. Bætur þessar telur aðalstefnandi ekki fullnægjandi, og hefur hann því krafizt þess, að atvinnuveitandi hans, stefndur í máli þessu, verði dæmdur til að greiða frekari bætur. Telur aðalstefnandi, að slys þetta hafi orðið fyrir óvarkárni þeirra manna, er við uppskipunina unnu, svo og vegna þess, að ófullnægjandi mannaflí hafi verið hafður við vinnuna, en á þessu beri stefndur ábyrgð.

Eins og þegar er getið, varð slys þetta þann 17. maí 1939. Þrátt fyrir það, að ástæða hafi verið til að athuga, hvort slysið hefði ekki orðið fyrir hirðuleysi eða stafað af lélegum útbúnaði, eins og aðalstefnandi heldur fram, tekur lögreglan ekki skýrslur af mönnum þeim, er gerzt máttu um þetta vita, fyrr en þann 17. jan. 1940, eða átta mánuðum eftir að slysið varð. Þótt þetta hafi orðið þess valdandi, að ýmis atvik að slysi þessu eru ekki eins ljós og ella mundi, þykir þó eftir atvikum rétt að dæma málið að efni til eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja.

Sýknukröfu sína byggir stefndur á því, að hann eigi enga sök á nefndu slysi, því að það sé hvorttveggja, að öll tæki og allur aðbúnaður við vinnuna hafi verið í bezta lagi svo og verkstjórn óaðfinnanleg, en á þessum atriðum einum geti aðalstefnandi byggt bótakröfur sínar. Hins vegar beri hann ekki ábyrgð á því, þótt talið yrði, að slysið hefði orðið fyrir vangæzlu verkamanna þeirra, er unnu þarna með aðalstefnanda, þar sem hann (stefndur) hafi fullnægt skyldum sínum um að kaupa verkamönnum lögboðna slysatryggingu. Þar að auki heldur stefndur því fram, að aðalstefnandi eigi sjálfur sök á slysinu vegna ógætilegrar hegðunar hans.

Við uppskipun þá, er hér um ræðir, hafði verkstjóri stefnds raðað mönnum niður til starfs, eins og hér segir: Einn var við vindu skipsins, einn var „lógumaður“, einn taldi og skráði vörur þær, er skipað var upp, og einn var „í gekta“ sem kallað er, til að stjórna „bómu“ skipsins við uppskipunina. Niðri í lestinni voru sex menn, þrír hvoru megin, og tóku þeir til umræddar pappírsrúllur og lögðu þær í segl. Í öðrum þessum þriggja manna hópi var aðalstefnandi þessa máls. Segl það, sem notað var við uppskipunina, var, að því er virðist, ferhyrnt, um $1\frac{1}{2}$ meter á hvern veg og „stroffa“ í hverju horni. Pappírsrúllur þær, sem skipað var upp, voru 50—100 kg að þyngd hver og 50—74 cm að lengd. Sá þriggja manna hópur, sem aðalstefnandi var ekki í, lagði pappírsrúllurnar í segl það, sem hér skiptir máli, og virðast tvær rúllur stórar hafa verið settar upp á endann í seglinu og ein minni rúlla flöt ofan á þær. Um það, er skeði eftir að tekið var að lyfta seglinu, ber mönnum þeim, er þarna voru að verki, ekki saman. Þó er það vist, að það var litla rúllan, sem lá þvert ofan á hinum, sem féll ofan á aðalstefnanda. Einn verkamannanna, er sá þegar rúllan féll, telur, að ástæðan hafi verið sú, að seglið hafi rekizt í lógukarminn. Maður sá, er taldi rúllurnar, kveðst hafa litið á seglið, er það var komið 1—2 fet upp fyrir „millidekkið“, og þá séð, að rúllan féll niður, en hann kveðst ekki hafa séð, að seglið rækist neinstaðar í, en slíkt hafi þó getað skeð áður en hann fór að veita seglinu athygli. „Lógumaðurinn“ kveðst hafa fylgst með seglinu frá því að það fór af stað og þar til það var komið upp undir lógukarminn. Það hafi strokizt við stiga um leið og það fór af stað frá bakborðshlið, en þá hafi hann stöðvað það og rétt það af. Síðan hafi hann látið lyfta því áfram upp, enda hafi hann ekki séð neitt athugavert við það. Er seglið var komið upp á móts við lógukarminn, kveðst hann hafa litið af seglinu, og vegna þess að enginn var í „gekta“ landmegin, fór hann þangað og tók í endann til þess að böndin flæktust ekki í seglið, er það færi út, en nokkur „slagsíða“ var á skipinu. Meðan „lógumaður“ var þarna að verki, virðist rúllan hafa dottið úr seglinu.

Skýrslur manna þeirra, er þarna voru viðstaddir, veita því ekki eindregnar upplýsingar um, hvað hafi valdið nefndu slysi. Að áliti réttarins hefur þó á ýmsan hátt verið farið þarna ógætilega að verki, að telja verður, að orsakanna að slysinu sér þar að leita. Er þess þá fyrst að geta, að stærð segls þess, er notað var, var svo lítil, að óforsvaranlegt má teljast að leggja fyrst stærstu rúllurnar þar upp á endann og síðan aðra rúllu þar þvert ofan á, eins og gert var, enda ber og einn verkamannanna það, að rúllurnar hafi verið illa látnar í seglið. Verkstjóri stefnds, sem var eða átti að vera kunnugt um stærð seglsins og varnings þess, er í það var settur, virðist hafa látið það með öllu afskiptalaust, hvernig

verkamennirnir létu rúllurnar í seglið og virðist ekki að öðru leyti hafa fylgt með störfum þeirra. Þá verður það og að teljast hafa verið óforsvaranlegt að láta „lúgumanninn“ annast jafnframt annað starf (vera „í gekta“) og þar með svipta hann færi á að fylgjast með seglinu á hverjum tíma og þá einnig aðvara mennina í lestinni um yfirvofandi hættur, eins og honum þar að gera samkvæmt reglum þeim um öryggi við fermingu og affermingu skipa, er um mörg ár hafa gilt hér við höfnina, en umrædd rúlla féll úr seglinu, er „lúgumaður“ fór frá til að gegna nefndu starfi.

Á þessari vangæzlu í verkstjórninni þykir stefndur eiga að bera ábyrgð, og eigi hann því að bæta aðalstefnanda tjón það, er hann hefur af slysi þessu hlotið. Aðalstefnandi sjálfur verður og ekki talinn eiga neina sök á að slys þetta varð, þar sem ekki verður séð, að um ógætni af hans hálfu hafi verið að ræða, þótt svo hafi viljað til, að önnur öxl hans hafi náð eitthvað út fyrir lúgukarminn, er rúllan datt niður, en aðalstefnandi var þá að vinna við að leggja rúllur í annað segl.

Tjón sitt sundurliðar aðalstefnandi þannig:

1. Læknishjálp	kr. 973.00
2. Atvinnutjón frá 17. maí 1939 til 17. jan. 1940	— 1600.00
3. Örorkubætur, þjáningar og óþægindi	— 10000.00

Kr. 12573.00

Fyrsta kröfulið hefur meðalgöngustefnandi greitt að fullu. Af öðrum lið hefur meðalgöngustefnandi greitt kr. 900.00 (dagpeninga frá 24. maí til 20. nóv. 1939) og af þriðja lið kr. 1200.00 (20% örorkubætur). Í aðalsök krefur aðalstefnandi því stefndan um kr. 700.00 í bætur fyrir atvinnutjón og kr. 8800.00 í bætur fyrir örorku, þjáningar og óþægindi.

Stefndur hefur mótmælt báðum þessum kröfuliðum sem of háum.

Það er óvæfengt, að aðalstefnandi var frá vinnu vegna slyssins samtals í 8 mánuði. Samkvæmt skattskýrslum hans fyrir árið 1938, 1939 og 1940 hafa atvinnutekjur hans þau ár numið kr. 2141.00 árið 1938, kr. 1600.00 árið 1939 (þ. e. kr. 700.00 þar til slysið varð, og síðan 900 kr. dagpeningar) og kr. 1609.00 árið 1940. Með hliðsjón af þessu þykja því atvinnutekjur aðalstefnanda á nefndu tímabili hæfilega metnar, eins og aðalstefnandi hefur krafizt, og verður þessi kröfuliður því tekinn til greina að fullu.

Því hefur verið lýst að framan, með hvaða hætti slysið vildi til, hversu meiðsl aðalstefnanda voru alvarleg og hve langri sjúkkravist þau ollu. Samkvæmt vottorði Jóhanns Sæmundssonar, er metið hefur örorku aðalstefnanda 20% eins og áður segir, sýnir röntgenmynd allmikla samanþjöppun á 5. brjóstlið, er leiðir af sér bogið bak og ætla má að kunni að valda aðalstefnanda óþæg-

indum í framtíðinni. Telur læk'nirinn, að eigi sé unnt að búast við frekari bata en orðið er á brotinu sjálfu, og álitur einnig, að hinn allþungi heilahristingur, er aðalstefnandi hlaut við slysið, kunni að eiga einhvern þátt í taugaveiklun hjá honum. Aðalstefnandi virðist hafa verið sæmilega hraustur áður en hann varð fyrir nefndu slysi, þó hafði hann ekki treyst sér til að stunda sjó síðustu árin áður vegna höfuðverkjar, er ágerzt hafði. Aðalstefnandi, sem er ókvæntur og virðist ekki hafa haft neinn á sinu framfæri, er fæddur 1908. Að öllu framangreindu athuguðu þykja bætur fyrir örorku, þjáningar og óþægindi hæfilega metnar í heild kr. 6000.00, og þá í aðalsök kr. 4800.00.

Úrslit aðalsakar verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 5500.00, með vöxtum eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Meðalgöngusök. Upphæðir þær, sem meðalgöngustefnandi krefst endurgreiðslu á, eru, eins og fyrr segir, þessar:

1) Læknishjálp kr. 973.00; 2) dagpeningar kr. 900.00; 3) örorkubætur kr. 1200.00.

Kröfu sína um sýknu af endurgreiðslukröfum þessum byggir stefndur á sömu rökum og í aðalsök, svo og því, að meðalgöngustefnandi geti ekki átt frekari rétt í þessum eignum en aðalstefnandi.

Með skirskotun til þess, er að framan segir um nefndar varnar-ástæður, geta þær ekki orðið teknar til greina, og þar sem engum rökstuddum andmælum hefur verið hreyft gegn upphæð krafanna í meðalgöngusök, verða þær allar teknar til greina, þar á meðal vaxtakrafan, og verður stefndum gert að greiða meðalgöngustefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Í aðalsök greiði stefndur, P. Smith f. h. P. Smith & Co., aðalstefnanda, Kára Kárasyni, kr. 5500.00 með 5% ársvöxtum frá 27. maí 1940 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað.

Í meðalgöngusök greiði stefndur, P. Smith f. h. P. Smith & Co., meðalgöngustefnanda, Tryggingarstofnun ríkisins, kr. 3073.00 með 5% ársvöxtum frá 13. nóv. 1940 til greiðsdags og kr. 200.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.